

Aganefnd LH

Mál nr. 4/2005

Aganefnd LH kom saman 4. júlí 2005. Í aganefnd eru Guðni Indriðason formaður, Atli Már Ingólfsson, Þorvaldur Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 4/2005,

Tekin er fyrir kæra Finns Egilssonar og Sigurðar Hanssonar dagsett 6. júní 2006, vegna þátttöku Seguls frá Sörlatungu í Opna blend móti Fáks sem haldið var dagana 26 – 29 maí 2005 í Víðidal, og Gæðingamóti Andvara sem haldið var dagana 4 – 5 júní 2005 á Kjóavöllum.

Málsatvik:

Í kæru Finns Egilssonar og Sigurðar Hanssonar og svörum frá Hestamannafélaginu Fáki og Hestamannafélaginu Andvara við fyrirspurnum frá Aganefnd Lh kemur fram að Segull frá Sörlatungu var skráður til keppni í Opna Blend móti Fáks dagana 26 – 29 maí 2005 þar sem Þorgrímur Ólafsson er annar eigandi Seguls og félagi í Fáki en ekki í Andvara. Hinn eigandi Seguls, Sólveig Ólafsdóttir, var hinsvegar hvorki félagi í Fáki né Andvara á þeim tíma. Við skráningu á Gæðingamót Andvara sem haldið var dagana 4 – 5 júní 2005 var Segull skráður til keppni og annar eigandi hestsins, Sólveig Ólafsdóttir skráði sig í félagið. Í báðum tilfellum er Jón Gíslason knapi.

Niðurstaða aganefndar LH:

Úrskurður aganefndar ereftirfarandi:

Fella niður titil og árangur Seguls í Gæðingnamóti Andvara.

Veita eigendum Seguls, Þorgrími Ólafssyni og Sólveigu Ólafsdóttur áminningu.

Jón Gíslason hljóti 30 daga keppnisbann frá og með 4. júní 2005, og árangur sem hefur áunnist á keppnisbannstímanum felldur niður.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Knapi og eigendur hafa gerst brotlegir gegn greinum 3.5, 7.3.1. önnur málsgrein, og 8.3.10 samkvæmt reglugerðum um keppni á vegum LH:

3.5. Viðurlög

Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum 3.3 og 3.4. greinar er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna. Þá skal refsá keppanda og mótshaldara.

7.3.1. Keppnisréttur og skráning

Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert almanaksár. Undantekning er keppni eða sýningar í fjáröflunarskyni.

8.3.10. Ábyrgð

Þátttaka í öllum greinum er á ábyrgð keppanda. Hvorki FEIF né mótshaldari taka ábyrgð á nokkurn hátt.

Aðild að málinu er rétt.

Reykjavík 04.07.2005

Guðni Indriðason

Þorvaldur Sigurðsson

Sæþór Fannberg